

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 – 1991

4. apríl 1991

325

Nr. 152

REGLUGERÐ

um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum.

1. gr.

Á fiskveiðitímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1991 skal þeim aflaheimildum sem úthlutað skyldi til Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í l. nr. 40, 15. maí 1990, ráðstafað til að mæta tímabundnum tekjumissi vegna aflabrests til þeirra skipa sem hafa aflahlutdeild af loðnu.

Þær aflaheimildir sem hér um ræðir eru samtals 8.000 þorskígildislestir af botnfiski. Skiptast þær milli einstakra tegunda í hlutfalli við það magn sem ekki nýttist af úthlutuðu aflamagni viðkomandi tegundar á árinu 1990 vegna álags á aflamark eða aflahámark við útflutning á óunnum fiski skv. 4. mgr. 5. gr. l. nr. 3, 8. janúar 1988. Samkvæmt því skal eftirtöldu aflamagni ráðstafað til loðnuskipa: Þorskur 3.672 lestir, ýsa 1.329 lestir, ufsi 716 lestir, karfi 3.208 lestir og grálúða 810 lestir. Miðað er við slægðan fisk með haus, en aflaheimildir af karfa eru þó miðaðar við óslægðan fisk.

2. gr.

Á fiskveiðitímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1991 skal áður leyfður heildarafli af úthafsækju skv. 3. gr. rgl. nr. 465/1990, um veiðar í atvinnuskyni, aukinn um 5.000 lestir þannig að leyfður heildarafli verði 30.000 lestir. Viðbótinni skal eingöngu skipt milli skipa sem aflahlutdeild hafa af loðnu.

3. gr.

Aflaheimildum skv. 1. og 2. gr. skal skipt milli einstakra loðnuskipa miðað við aflahlutdeild skipanna af loðnu og skiptist aflaheimildir af hverri einstakri tegund milli skipanna í því hlutfalli.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 13, 27. mars 1991, um ráðstafanir vegna aflabrests í loðnuveiðum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. apríl 1991.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.